



**Varðar: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) um mál nr. 79/2020-drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning til fjárfestinga í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum.**

Í samráðsgátt stjórnvalda hafa verið birt til umsagnar drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning til fjárfestinga í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum.

Stjórn VFÍ fagnar frumvarpsdrögunum en vill benda á nokkur atriði sem mikilvægt er að hafa í huga við lagasetninguna.

Það er þekkt alþjóðlegt vandamál sprotafyrirtækja að erfitt er að fjármagna rekstur þeirra á fyrstu stigum. Að sama skapi hefur á heimsvísu byggst upp nokkur reynsla á fjármögnunarsjóðum eins og þeim sem lýst er í frumvarpsdrögunum. Mikilvægt er að nýta þessa reynslu. Í skýringum við frumvarpsdrögin kemur mikilvægi þess fram.

Nýsköpun framtíðarinnar mun byggja á tækniþróun sem oft á tíðum á sér rætur í akademísku umhverfi. Því er mikilvægt að háskólar á Íslandi eigi möguleika á að sækja fjármagn í fyrirhugaðan sjóð eftir þeim reglum sem settar verða í reglugerð tengdri lögunum. Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að Tækniþróunarsjóður skerðist ekki vegna stofnunar fyrirhugaðs sjóðs.

Stjórn VFÍ gerir ráð fyrir því að lögð verði fram ítarleg reglugerð um framkvæmd laganna. Afar mikilvægt er að fagaðilar og hagsmunaaðilar fái slíka reglugerð til umsagnar.

Reykjavík 26. mars 2020.

*Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.*